



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Femínismi í Japan

Ritgerð til BA-prófs í japönsku máli og menningu

Sólrún Svava Skúladóttir

Janúar 2015

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Japanskt mál og menning

Femínismi í Japan

Ritgerð til BA-prófs í japönsku máli og menningu

Sólrún Svava Skúladóttir

Kt.: 160987-2869

Leiðbeinandi: Gunnella Þorgeirsdóttir

Janúar 2015

Útdráttur

Meginefni þessarar ritgerðar fjallar um femínisma í Japan allt frá Meiji tímabilinu (1868-1912) til dagsins í dag. Byrjað verður á því að fjalla stuttlega um japanskan femínisma og hugtakið „góð eiginkona, vitur móðir“ (*ryousai kenbo*). Því næst verður farið yfir Meiji tímabilið þegar miklar breytingar á stjórnarskipulagi áttu sér stað. Japanir fengu þá fyrst lögbundið þing, stjórnarskráin leit dagsins ljós, aukin áhersla var lögð á menntun, fjölskylduskráningakerfið (*koseki*) var sett á og hugtakið „góð eiginkona, vitur móðir“ (*ryousai kenbo*) átti eftir að hafa mikil áhrif á þjóðina. Konur í Japan byrjuðu að berjast fyrir frekari réttindum og segja má að fyrstu skref í átt að femínisma í Japan hafi verið tekin á þessum tíma. Næst verður farið yfir Taiso tímabilið (1912-1926) og þar til konur í Japan fengu kosningarétt, stuttu eftir seinni heimstyrjöldina. Við munum skoða seinni femínistahreyfingar á sjötta og sjöunda áratugnum, fara yfir baráttuna um getnaðarvarnarpilluna og enda á stöðu kvenna í Japan í dag.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
1.1 Japanskur femínismi.....	4
1.2 Góð eiginkona, vitur móðir (<i>ryousai kenbo</i>).....	6
1. Meiji tímabilið (1868-1912).....	8
2.1 Breytingar á stjórnskipulagi.....	8
2.2 Heimilið (<i>ie</i>) og fjölskylduskráningarkerfið (<i>koseki</i>)	9
2.3 Menntun.....	11
2.4 Áhrif erlendis frá.....	13
2. Taisho tímabilið (1912-1926)	15
3.1 Tímaritið <i>Seitou</i> (青鞜).....	15
3.2 Samtök nýrra kvenna (<i>Shin fujin kyokai</i>).....	16
3.3 Rauða bylgjan (<i>sekirankai</i>)	18
3.4 Kvennfélagasamtök Tokyo (<i>Tokyo rengo fujinkai</i>)	19
3.5 Kosningaréttur kvenna	19
3.6 Verndun mæðra og barna (<i>Boshi hogo hou</i>).....	21
3. Eftirstriðsárin.....	23
4.1 Önnur bylgja feministahreyfingarinnar	24
4.2 Framhaldsmenntun kvenna	26
4.3 Jöfn tækifæri til atvinnu (<i>danjo koyou kikai kintouhou</i>)	28
4.4 Fóstureyðing.....	29
4.4 Baráttan um pilluna.....	30
4.5 Staðan í dag.....	32
4. Niðurlag.....	33
Heimildaskrá.....	34

1 Inngangur

Á seinustu öld urðu hraðar breytingar í heiminum öllum. Iðnvæðingin breytti lífsvenjum almennings sem leiddi til þess að fólk fluttist úr sveitum í borgir og mikil umskipti áttu sér stað í samfélaginu. Með aukinni menntun og samfélagsvitund kröfðust almennir borgarar frekari réttinda. Japan er þekkt fyrir að vera framarlega í heiminum þegar kemur að nýrri tækni en hefur ekki staðið jafnfætis öðrum þróuðum löndum hvað varðar jafnrétti kynjanna. Þrátt fyrir að státa af þriðja stærsta efnahagskerfi heims¹ og háum lífslíkum hefur orðið lítil þróun á stöðu kvenna í Japan samanborið við önnur þróuð lönd. Samkvæmt úttekt Alþjóða hagfræðistofnunarinnar á jafnrétti kynjanna, sem tekur mið af þáttöku og tækifærum í efnahagslífinu, heilsu og lífslíkum, menntunarárangri og stjórnmalavöldum, situr Japan í 104. sæti af 142 löndum, þremur sætur neðar en Ghana í Afríku².

Meginefni þessarar ritgerðar fjallar um femínisma í Japan allt frá Meiji tímabilinu (1868-1912) til dagsins í dag. Byrjað verður á því að fjalla stuttlega um japanskan femínisma og hugtakið „góð eiginkona, vitur móðir“ (*ryousai kenbo*). Því næst verður farið yfir Meiji tímabilið þegar miklar breytingar á stjórnarskipulagi áttu sér stað. Japanir fengu þá fyrst lögbundið þing, stjórnarskráin leit dagsins ljós, aukin áhersla var lögð á menntun, fjölskylduskráningakerfið (*koseki*) var sett á og hugtakið „góð eiginkona, vitur móðir“ (*ryousai kenbo*) átti eftir að hafa mikil áhrif á þjóðina. Konur í Japan byrjuðu að berjast fyrir frekari réttindum og segja má að fyrstu skref í átt að femínisma í Japan hafi verið tekin á þessum tíma. Næst verður farið yfir Taiso tímabilið (1912-1926) og þar til konur í Japan fengu kosningarétt, stuttu eftir seinni heimstyrjöldina. Við munum skoða seinni femínistahreyfingar á sjötta og sjöunda áratugnum, fara yfir baráttuna um getnaðarvarnarpilluna og enda á stöðu kvenna í Japan í dag.

¹ World Bank (2014).

² World Economic Forum (2014).

Þrátt fyrir öflugar femínistahreyfingar í Japan á 19. og 20. öld er Japan neðarlega á lista Alþjóða hagfræðistofnunnar þegar kemur að jafnrétti kynjanna. Leitast verður eftir því að svara hverjar ástæður fyrir ójafnrétti kynjanna í Japan gætu verið. Hefur hugmyndafræðin um „góða eiginkonu, vitra móðir“ (*ryousai kenbo*) og fjölskylduskráningarkerfið (*koseki*) hafi haft svo mikil áhrif á hugsunarhátt Japana og því sé staða kvenna í Japan eins og hún er?

1.1 Japanskur femínismi

Stofnandi Agora³, eins elsta femíníska blaðs Japans, hún Chiyo Saito skilgreinir japanskan femínisma sem alþjóðlega menningarlega mannréttindabaráttu sem hreinsar reynslu og þekkingu, hreyfingu sem tileinkar sér sjónarhorn kvenna frekar en hefðbundin sjónarhorn í karlægu samfélagi. Andstaða gegn forréttindum hins fastmótaða kerfis, friðhelgi mannlífs og kynhneigðar, barátta gegn mismunun vegna kyns, efnahagsaðstæðna, kynþáttar, menntunar o.s.frv⁴.

Í bók sinni frá 1997 bendir Sara Buckley á að femínismi í Japan hafi þróast á annað hátt en hann gerði í vestrænum löndum. Þrátt fyrir líkindi á yfirborðinu þá er vestrænn og japanskur femínismi byggður á ólíkum grunni. Stéttarskiptingin í Japan, heimilið (*ie*), spekin um „góða eiginkonu, vitra móður“ (*ryousai kenbo*), konfúsíanismi og afleiðingar seinni heimstyrjaldarinnar hafa skapað annars konar hindranir fyrir japanskar konur til að yfirstíga. Ekki aðeins þurftu þær að berjast gegn ríkjandi viðhorfum í heiminum heldur einnig gegn menningu og viðhorfum sem höfðu ríkt lengi í Japan sem litaði meðal annars menntunarkerfið þar sem stúlkum var kennt að verða að góðar eiginkonur og vitrar mæður, höfuð fjölskyldunnar var karlmaður og fjölskyldunni bar að fylgja honum. Þetta hefur litað kvennréttindabaráttuna í Japan og hefur haft áhrif á stöðu japanskra kvenna í nútímanum. Í stað þess að breyta hugsun einstaklingsins lögðu japanskir femínistar áherslu á að endurbyggja samfélagsleg og lagaleg mynstur, meðal

³ Gefið út fyrst í febrúar 1972 og er enn starfandi.

⁴ Buckley, S. (1997).

annars með því að berjast fyrir rétti til að halda pólitíska fundi, kosningarétti, bættum vinnuaðstæðum og jafnrétti⁵. Hinsvegar sýnir staðan í dag að ekki var gert nóg til að ýta undir frjálsa hugsun og meðvitund kvenna í Japan. Enn er bilið stórt á milli kynjanna þrátt fyrir að konur eigi að njóta sömu lagalega réttinda. Þetta má meðal annars sjá á vinnumarkaðinum þar sem einungis 6,6 prósent stjórnenda í Japan voru konur árið 2013⁶ og um 70 prósent kvenna hættir að vinna eftir barnsburð⁷. Í Japan er algengt að fólk sjái sjálft sig sem hluti af stærri hóp frekar en sem einstakling eins og algengt er á Vesturlöndum. Einstaklingurinn er kenndur við starf, stöðu eða kyn og japanskar konur verða fyrir miklum áhrifum af skilgreindum hlutverkum þeirra í samfélaginu, þá sérstaklega hvað varðar móður- og eiginkonuhlutverkið. Samkvæmt þeim skilgreiningum eiga konur að sjá um barnauppleidið og heimilið á meðan eiginmaðurinn vinnur fyrir fjölskylduna og því eru margar konur sem hætta störfum til að sinna barnauppleidi⁸.

Erfitt er að skilgreina japanskan femínisma í stuttu máli þar sem margar greinar femínismans fengu hljómgrunn í Japan, þar á meðal umhverfis-femínismi, sem tengir drottun karla yfir konum við drottun mannsins yfir náttúrunni, sósíalískur femínismi, sem tengir ójafnrétti við stéttabaráttu, húsmæðra-femínismi sem setja heimilið og börnin í forgang og róttækur femínismi, sem leggur áherslu á jafnrétti sé haft til hliðsjónar í stefnumótun og ákvörðunartöku.

Í Japan hefur alla tíð verið lögð mikil áhersla á móðurhlutverkið sem sumir femínistar í Japan hafa túlkað sem áróður af hálfu stjórnvalda til að skilgreina konur sem þjóna ríkinu á sem besta vegu og hamlar konum frá því að skilgreina sig sjálfar á þeirra eigin forsendum⁹. Eitt sérkenni japanska femínismans er að allt frá dögum Tokugawa stjórnarinnar (1603-1868) hefur spurningin um hlutverk konunnar verið hluti af samfélagslegri og pólitískri umræðu á milli stjórnámálanna og fræðimanna. Hvernig konur áttu að haga sér, hvað þær áttu að gera og

⁵ Buckley, S. (1997).

⁶ Masami, Ito (2014)

⁷ Holding back half the nation (2014, 29,maí).

⁸ Kondo, D. K. (1990). bls. 26.

⁹ Lustig, L. (1999)

hvað þær máttu ekki gera. Konur hafa ávallt verið skilgreindar af ríkinu svo þær geti þjónað því sem best. Samkvæmt sagnfræðingnum Bernstein voru hlutverk kvenna á Meiji tímabilinu (1868-1912) í Japan að ala upp góða syni og vinna í verksmiðjum til að auka tekjur. Á stríðstímum áttu konur að ala upp stóra fjölskyldu til að leggja að mörkum til keisaraveldisins og á eftirstríðsárum áttu konur að ala upp minni fjölskyldur til að hlúa að velmegun í landinu. Þessar stífu skilgreiningar af hálfu stjórnvalda gerðu japönskum konum erfitt fyrir í réttindabaráttu sinni. Þrátt fyrir það voru margar konur í millistétt og efristétt sem náðu að brjóta niður hefðir og venjur, og leggja nýjar brautir fyrir komandi kynsöldir¹⁰.

1.2 Góð eiginkona, vitur móðir (*ryousai kenbo*)

Hugmyndafræðin um „góða eiginkonu, vitra móður“ kom fyrst fram á sjónarsviðið á Meiji tímabilinu (1868-1912) og árið 1989 varð hugmyndafræðin hornsteinn námskrár í gagnfræðiskólum sem dætur elítunnar sóttu en var ekki skýrð nákvæmlega í grunnskólum fyrr en 1911¹¹. Segja má að hugmyndafræðin um „góða eiginkonu, vitra móður (*ryousai kenbo*)“ hafi fyrst komið fram í japönsku samfélagi þegar kenningin um „ríkt land, sterkan her“ (*fukoku kyohei*) tók sér sess. Góð eiginkona, vitur móðir er í raun hin hliðin á peningnum ríkt land, sterkur her. Meiji stjórnvöld lögðu mikla áherslu á hernað og besta leiðin til að innleiða ríkjandi viðhorf stjórnar var með menntun. Það kemur víða fram í heimilidum að talið var að skylda karlmanna hafi verið sú að auðga landið og viðhalda styrk þess með því að leggja hart að sér sem hugrakkur hermaður á meðan það var skylda kvenna að þjóna eiginmönnum sínum og fjölskyldum. Þetta viðhelt feðraveldinu þar sem karlmaðurinn hafði yfirráðið¹². Skipulögð markmið yfirvalda á Meiji tímabilinu (1868-1912) með menntun var að styrkja herinn og móta stúlkur í að verða góðar eiginkonur og vitrar mæður sem myndu ala upp fyrirmyndar

¹⁰ Bernstein, G. L. (Ed.). (1991).

¹¹ Koyama, S. (1994).

¹² Fanselow, K. (2011).

framfíðarþjóðfélagsþegn¹³. Stúlkur í Japan fengu menntun sem samrúmdist gildum stjórnarinnar. Áhersla var lögð á samband milli hjóna og samband móður og barns sem seinna var tengd við þjóðernishyggju¹⁴. Þessi aðferð stjórnvalda bjó ekki einungis til hæfar mæður, heldur styrkti hún fjölskyldueininguna, þjóðin varð ein heild og fjölskyldurnar ýttu undir þjóðerniskennd og hollustu við keisarann. Karlmennt voru dæmdir af samfélaginu miðað við afköst á vinnumarkaði og herskyldu. Á meðan fengu konur viðurkenningu frá samfélaginu fyrir hlutverk þeirra á heimilinu og stuðning við eiginmanninn. Því má segja að hugmyndafræðin um „góða eiginkonu, vitra móður“ hafi stutt við þróunina á kynjaskiptingu á vinnumarkaðinum¹⁵. Gildin um góða eiginkonu og vitra móður fengu svo sterkan hljómgrunn um allt Japan að enn má sjá gæta áhrifa þessarar hugmyndafræði í Japan, feðraveldinu í lífi fólks var haldið á skipulegan og úthugsaðan hátt með hjálp yfirvalda¹⁶.

¹³ Fanselow, K., & Kameda, A. (1995). bls.98

¹⁴ Mackie, V. (2003). bls. 28

¹⁵ Koyama, S. (1994).

¹⁶ Okuda A. (1998).

2 Meiji tímabilið (1868-1912)

2.1 Breytingar á stjórnskipulagi

Eftir um 260 ára valdatíð Tokugawa stjórnarinnar (1603-1867) tók Meiji stjórnin völdin í Japan. Landið opnaðist fyrir vestrænum áhrifum og miklar umbætur urðu á stjórnarskipulagi. Leiðtogar lögðu áherslu á að auka mátt japanska hersins, vonast var til þess að herinn gæti staðið jafnfætis vestrænum öflum og slagorðið „ríkt land, sterkur her“ (*fukoku-kyouhei*) var í hávegum haft sem meðal annars má sjá á því hvernig menntunarkerfinu á þessum tíma var háttað¹⁷. Tvö stór stríð voru háð, fyrra Sino-Japan stríðið¹⁸ og Russo-Japan stríðið¹⁹, sem kveiktu undir þjóðerniskennd Japana²⁰. Fyrsta markmið nýju stjórnarinnar var að leggja niður lénsskipulagið sem hafði ríkt og hefja iðnvæðingu í landinu. Hið einangraða lénsskipulag lagðist undir lok og kapítalisminn var kynntur fyrir japönsku þjóðinni. Nútímavæðing Japans krafðist vísinda og tækni frá vestrænum löndum og í kjölfarið leitaði Japan eftir áhrifum af annars konar vestrænni menningu, meðal annars breyttum hugmyndum um jafnrétti, mannréttindi, femínisma, einkvæni og kosningarétt almennra borgara²¹. Margir í þeim stéttum sem höfðu orðið undir á tímum lénsskipulagsins blómstruðu á opnum markaði kapítalismans.

Almenna réttindahreyfingin (*Jiyuu minken undou* 自由民権運動) var stofnuð af hópum sem höfðu áður verið kúgaðir og sjórnmalabarátta þar sem frjálsyndi var haft að leiðarljósi dreifði sér um svæði landsins, meðal annars til kvenna. Almenna réttindahreyfingin krafðist þess að koma yrði á fót nýrri stjórnarskrá 1889 og að stofnað yrði lögbundið þing 1890. Þeim mistókst þó að fá almennan kosningarétt og niðurstaðan varð sú að einungis þeir karlmenn sem

¹⁷ Fanselow, K., & Kameda, A. (1995). bls.97

¹⁸ Fyrri Sina-Japan stríðið stóð yfir frá 1. ágúst 1894-17. apríl 1895 á móti Kína. Barist var um yfirráð yfir Kóreu.

¹⁹ Russo-Japan stríðið stóð yfir frá 8.febrúar 1904-5.september 1905. Barist var um yfirráð yfir Kóreu og Manchuria.

²⁰ Hayakawa, N. (1995).

²¹ Molony, B. (2000). bls. 640

borguðu nógu háa skatta fengu kosningarétt. Stjórnvöld lögðu áherslu á hollustu við keisarann, ríkið var fjölskyldan og keisarinn föðurímyndin²².

Á Meiji tímabilinu (1868-1912) blómstraði vefiðnaðurinn og átti mikinn þátt í að Japan varð að nútíma samfélagi. Í fyrsta skipti í sögu Japans kom fram nýr hópur af kvenkyns vinnuafli, verksmiðjustúlkur sem samanstóðu af sveitastúlkum sem oftast en ekki komu úr fátækum fjölskyldum. Í upphafi nítjándu aldar voru yfir 90% vinnuafli í bómullar- og silkiverksmiðjum landsins konur og stúlkur²³. Konurnar unnu við erfið skilyrði, unnu langa vinnutíma og fengu lág laun. Segja má að stórt skref hafi átt sér stað fyrir japanskar konur í átt að femínisma árið 1885 þegar fyrsta skipulagða verkfallið var framkvæmt af konum sem unnu í textíliðnaðinum og börðust fyrir betri vinnuaðstæðum, betri framkomu af hálfu yfirmanna og betri kjörum²⁴.

Meiji tímabilið voru ár þróunar, nútímavæðingar og umskipta í samfélaginu. Umskiptin frá lénsskipulagi þar sem meirihluti landsmanna vann við landbúnað yfir í nútímavætt samfélag þar sem fólk vann fyrir tímakaupi utan heimilis voru mikil. Til að minnka samfélagsleg áhrif umskipanna gerðu japönsk stjórnvöld tilraun til að endurskapa hlutverk kynjanna. Stjórnvöld gerðu sér fljótt grein fyrir mikilvægi kvenna og fjölskyldna til að byggja upp nútímasamfélag og hugmyndir um *ie* (fjölskylda/heimili) og *koseki* (fjölskylduskráningarkerfi) spiluðu mikilvæg hlutverk í sögu Japans²⁵.

2.2 Heimilið (*ie*) og fjölskylduskráningarkerfið (*koseki*)

Nú þegar japanska þjóðin var með stjórnarskrárbundinn keisara og völd lénsheerra á brott voru ný borgaralög (*minpou*) sett árið 1898. Borgaralögin voru að mestu fengin frá þýskum og frönskum lögum en sá kafli sem snéri að einstaklingum, sem fjallaði meðal annars um giftingu, skilnað og erfðalög var með öllu endurskrifaður af japönskum fræðimönnum með áherslur á

²² Hayakawa, N. (1995).

²³ Tsurumi, E. (1990). Bls 9-10

²⁴ Buckley, S. (2001).

²⁵ Fanselow, K. (2011).

konfúsíanisma. Fjölskylduskráningarkerfið (*koseki*) tók sér fastan sess í japönsku samfélagi og allir urðu að skrá sig innan sinnar fjölskyldu, hugmyndin um valdapíramída heimilisins og yfirráðum karlmannsins var þannig viðhaldið með borgaralögunum. Kerfið átti sér langa hefð en nú fyrst á Meiji tímabilinu komu almenn lög um fjölskyldu og giftingu í Japan²⁶. Helstu ástæður fyrir því að *koseki* var sett í lög á þessum tíma voru meðal annars til að koma í veg fyrir að borgara myndu skjótast undan því að borga skatta og til að tryggja að allir myndu sinna herskyldu²⁷.

Hugmyndin um ættar- og fjölskyldutengsl er byggt inn í *koseki* kerfið. Ólíkt Þjóðskrá á Íslandi þar sem einstaklingar eru skáðir þá stuðlar fjölskylduskráningarkerfið að því að fjölskylduheildir eru skráðar sem einn með nöfnum allra fjölskyldumeðlima þar innan. Tæknilega séð er hægt að fjarlægja nafn sitt af núverandi *koseki* hvenær sem er en flestir gera það við giftingu og stofna þá til nýrra skráningar. Einungis er hægt að hafa tvær kynslóðir í einu á hverri skráningu.

Japanska hugmyndafræðin um *ie*, heimilið stendur fyrir svo miklu meira en bara heimilið sjálft heldur var jafnframt grunnurinn að traustu veldi og kraftmikilli þjóð. Markmið heimilishaldsins var að varðveita fjölskylduna, ættina um aldir alda. Innan fjölskyldunnar stjórnaði faðirinn, eiginmaðurinn og við fráfall hans tók elsti sonurinn við búi og skyldum²⁸. Með nýju borgaralögunum og *koseki* varð karlmaðurinn höfuð fjölskyldunnar og allar eignir fjölskyldunnar urðu að vera skráðar undir hann sem hafði ekki tíðkast áður í jafn miklu mæli. Þetta þýddi það að allar eignir sem kvenmaður kom með inn í hjónaband urðu löglega eignir fjölskylduföðursins. Höfuð fjölskyldunnar hafði völdin og það var á hans ábyrgð að fjölskyldumeðlimir sýndu hollustu við keisarann²⁹. Giftar konur voru settar í sama lagalega bálk og ólögráða einstaklingar þar sem eiginmaðurinn fór með völdin. Konur gátu ekki skrifað undir

²⁶ Mackie, V. (2003). bls. 23

²⁷ Fanselow, K., & Kameda, A. (1995). bls. 187

²⁸ Sugimoto, Y. (2010).

²⁹ Mackie, V. (2003). bls 23

samninga né keypt eða selt eignir nema með leyfi frá eiginmanni eins og tíðkaðist í mörgum löndum á þessum tíma. Skilnaðir voru leyfðir með sameiginlegu samþykki og hægt var að skilja við eiginkonur vegna framhjáhalds en ekki við eiginmenn vegna sömu saka³⁰. Einungis framhjáhöld kvenna voru glæpur þar sem konur gátu átt von á allt að tveggja ára fangelsisdómi. Í fyrsta sinn gátu konur krafist skilnaðar en þó undir afar ströngum skilyrðum og krafan varð að vera studd af karlkyns skyldmenni. Fjölskylduskráningin gerði það að verkum að allir landsmenn voru skráðir hjá stjórnvöldum og tilkynna varð allar breytingar, svo sem flutninga, dauðsföll, skilnaði og fleira. Fjölskyldueiningin var sköpuð sem stoð japönsku þjóðarinnar þar sem köllun kvenna var að vera „góð eiginkona og vitur móðir“, hlutverk sem margar japanskar konur fylgja eftir enn þann dag í dag. Konur voru í mikilvægu hlutverki í fjölskyldukerfinu sem bústýrur, leiðbeinendur barnanna og sem stuðningur fyrir eiginmennina. Meiji stjórnarskráin gerði drög að samfélagi þar sem landsmenn voru þegnar keisarans frekar en frjálsir borgara með almenn réttindi. Með hugmyndafræðinni um *Ie* og *koseki* hafði hinu karllæga veldi verið viðhaldið með áþreifanlegum hætti með bæði lögum og hefðum³¹.

2.3 Menntun

Japanir vildu standa jafnfætis vestrænum löndum frá Evrópu og Bandaríkjunum og eitt verkfærið í þeirri þróun var að auka menntun í landinu. Meiji stjórnin lagði þunga áherslu á menntun sem lykilinn að því að auka mátt Japans gagnvart vestrænum öflum. Fyrsta endurmótun á menntunarkerfi Japans fór fram á Meiji tímabilinu. Kveðið var skýrt á um allt það sem gæti hjálpað til við hernaðarlega og efnahagslega þróun landsins sem og hagnýta þekkingu sem þurfti til að byggja upp nútíma samfélag. Leiðtogar Japans voru áfjáðir í að eyða ólæsi hjá þjóðinni til að standa nær hinum þróaðari löndum í vestri. Árið 1871 var Menntamálaráðuneytið í Japan (*Monbu-kagaku-sho* 文部科学省) stofnað og ári síðar voru ný

³⁰ Mackie, V. (2003). bls 23-24

³¹ Mackie, V. (2003). bls 24

lög lögleidd sem kváðu á um skólaskyldu fyrir öll börn, bæði fyrir drengi og stúlkur³². Fyrir tíma ráðuneytisins hafði það einungis verið á færi hátt settra og efnaðra fjölskyldna að mennta afkvæmi sín. Þrátt fyrir lög um skólaskyldu barna höfðu margar stúlkur úr fátækum fjölskyldum ekki tök á því að ganga í skóla. Margar þeirra neyddust til að framfleyta fjölskyldu sinni með því að vinna í bómullar- og silkiverksmiðjum sem var helsti iðnaður Japans á Meiji tímabilinu³³. Það var erfitt fyrir fátækar fjölskyldur að senda afkvæmi sín í skóla þar sem skólagjöld voru oft á við mánaðarkaup fjölskyldna og gamlar skoðanir á borð við að það væri óþarfi að senda stúlkur í skóla hélt aftur að menntun stúlkna³⁴.

Kvennréttindaumræðan á Meiji tímabilinu var nátengd umræðunni um menntun kvenna og þá sér í lagi á efri stigum. Áður höfðu stúlkur ekki geta sótt sér mikla menntun en með tilkomu „góð eiginkona, vitur móðir“ hugmyndafræðinni opnuðust dyr inn í menntakerfi Japans. Menntunarstefna stjórnvalda fyrir stúlkur var gerð með því markmiði að móta „góðar eiginkonur, vitrar mæður“ (*ryousai kenbo*). Slíkar konur myndu ekki vera virkar í stjórn málaumræðunni heldur einbeita sér frekar að samfélagsmeinum, til dæmið með því að hjálpa fátækum³⁵. Stjórnvöld héldu fast í þá hugmyndafræði að til þess að ala upp góðan og heiðvirðan einstakling þurfti góða og heiðvirða móður sem hafði hlotið viðeigandi menntun³⁶. Ætlast var til þess að konur öðluðust færni í saumaskap og eldamennsku ásamt því að þróa með sér siðferðislega og vitsmunalega leikni til að ala upp sterka syni og dætur fyrir japönsku þjóðina. Meginmarkmiðið var að mennta konur til að geta af sér betri borgara, þrátt fyrir það má segja að það hafi verið stórt framfaraskref hjá stjórnvöldum að gefa stúlkum lfæri á að mennta sig. Margir þeirra sem börðust fyrir réttindum kvenna sáu ört vaxandi hlutverk konunnar innan fjölskyldunnar og í samfélaginu sem mikilvægt skref til aukinni réttinda síðar meir³⁷.

³² Bohn, M. (2011). bls. 84

³³ Fanselow, K., & Kameda, A. (1995). bls 95-96

³⁴ Bohn, M. (2011). bls. 84

³⁵ Molony, B. (2000). bls. 643-645.

³⁶ Bohn, M. (2011). bls. 89

³⁷ Fanselow, K., & Kameda, A. (1995).

2.4 Áhrif erlendis frá

Margir í hópi fræðimanna byrjuðu að ræða og rita greinar um vestrænar hugmyndir, svo sem jafnrétti kynjanna, réttindi kvenna, réttindin karla, einkvæni og femínisma. Aðgerðarsinnar urðu til að mynda fyrir áhrifum hugmynda Bretans John Stuart Mill (1806-1873) sem skrifaði um frelsi og kúgun kvenna og voru skrif hans þýdd yfir á japönsku³⁸. Mill lagði áherslu á mikilvægi menntunar sem leið fyrir konur til að öðlast frekari réttindi. Fukuzawa Yokichi (1835-1901) var þekktur fræðimaður og rithöfundur og einn sá fyrsti sem talaði fyrir hönd kvenna og stöðu þeirra í samfélaginu. Fukuzawa var baráttumaður fyrir mikilvægi menntunar kvenna og talaði fyrir umbótum á stöðu kvenna í samfélaginu. Hann var talsmaður fyrir jafnrétti kynjanna, gagnrýndi feðraveldið, lagði áherslu á einkvæni og gaf út bók um þau málefni³⁹. Fukuzawa Yokichi prýðir nú tíupúsundyena seðilinn í Japan⁴⁰. Aðrir talsmenn fyrir jafnri menntun drengja og stúlkna voru meðal annars Mori Arinori menntamálaráðherra (1832-1891), Nakamura Masao (1892-1939) og Daoi Kooda (1847-1918) sem skrifaði bók um menntun kvenna (*Kinsei Onna Daigaku*) þar sem hann talar um mikilvægi jafnréttis milli kynjanna og að stúlkur og drengir ættu að öðlast sömu menntun, réttur karla væri sá sami og réttur kvenna. Þó tók hann einnig fram að konur ættu að sýna yfirvegum og alúð í öllu sem þær sögðu og gerðu⁴¹.

Pistill eftir Bandaríkjamanninn David Murray um sýn hans á menntun stúlkna hafði mikil áhrif á skoðanir Japana um menntun stúlkna⁴². Bandaríkjamaðurinn kom til Japans árið 1873 sem ráðgjafi fyrir Menntamálaráðuneyti Japans og hjálpaði til við umbætur í skólakerfinu. Murray var talsmaður fyrir jafnri menntun drengja og stúlkna og lagði áherslu á að ráða kvenkyns leiðbeinendur. Skoðanir Murray höfðu mikil áhrif og mátti sjá gæta þeirra í nýrri námsskrá fyrir

³⁸ Texti John Stuart Mill „On Liberty“ var gefinn út 1859 og var þýddur yfir á japönsku 1872. Textinn „Subjection of Women“ var gefinn út 1869 og þýddur yfir á japönsku árið 1877.

³⁹ Bókin *Gakumon no Susume* (ísl þýð. Hvatning til að læra) var gefin út 1872.

⁴⁰ Molony, B. (2000). bls 643-644

⁴¹ Bohn, M. (2011). bls. 89

⁴² Pistillinn *Views on Girl's Education*.

Yngsta stig grunnskóla í Japan þar handavinna kom meðal annars hvergi við sögu⁴³. Þrátt fyrir auknar reglur um menntun stúlkna var stúlkum óheimilt að ganga í skóla á miðstigi og eftir þriggja ára skólagöngu á yngsta stigi var ákveðið að kenna drengjum og stúlkum í sitthvoru lagi. Fyrir tilstilli kristilegra samtaka voru gagnfræðiskólar fyrir stúlkur stofnaðir í Japan sem studdust þó við kennsluskrá í samræmi við „góð eiginkona, vitur móður“ hugmyndafræðina. Það var ekki fyrr en 1880 að japönsk stjórnvöld settu á fót gagnfræðiskóla fyrir stúlkur og í lok 1884 voru einungis 8 opinberir gagnfræðiskólar fyrir stúlkur í landinu öllu. Stúlkur var gátu ekki stótt sér framhaldsmenntun í háskólum heldur var það einungis á færi drengja sem myndu frekar nýta menntun sína og skila henni aftur til samfélagsins⁴⁴.

Fólk sem barðist fyrir frekari réttindum kvenna krafðist þess að lög frá 1890 sem bönnuðu konum að taka þátt í stjórnámálum yrðu endurskoðuð. Grein 5 í lögnum frá 1890 bannaði konum meðal annars að mæta, og tala á pólitískum fundum. Sú staðreynd að þessi grein hafi verið lögleidd sýnir að konur komust nálægt því að verða áhrifavaldar í japanskri pólitík á þessum tíma. Líklegt má telja að slík lög hefðu því aðeins verið sett á ef að áhyggjur hefðu þáþegar fyrirfundist í samfélaginu⁴⁵.

Líkt og í öðrum löndum voru flestir femínistar á fyrri part Meiji tímabilsins (1868-1912) konur úr efri stigum þjóðfélagsins þar sem fjölskyldur þeirra höfðu veitt þeim aðgang að bókmenntum og menntun en næsta kynslóð á eftir var líklegri til þess að hafa aðgang að menntun í gegnum skólaskylduna sem hafði þá verið sett á. Menntun kvenna varð mikilvægur þáttur í því að ná að smeygja sér í gegnum japanskt samfélag og ná að berjast fyrir frekari réttindum, hún kenndi stúlkunum gagnrýna hugsun sem spratt af sér frekari baráttu⁴⁶.

⁴³ Bohn, M. (2011). bls. 86-88

⁴⁴ Fanselow, K., & Kameda, A. (1995). bls. 99

⁴⁵ Lustig, L. (1999).

⁴⁶ Molony, B. (2000). bls.644

3 Taiso tímabilið (1912-1926)

Helstu markmið baráttumanna fyrir auknum réttindum kvenna á Meiji tímabilinu (1868-1912) voru menntun kvenna og að móta konur sem „góðar eiginkonur og vitrar mæður“ frekar en að undirbúa þær fyrir kosningarétt. Margir baráttumenn kvennréttinda sáu aukið hlutverk konunnar í fjölskyldueiningunni sem mikilvægt skref í í átt að frekari réttindum á meðan varð sú skoðun sterkari meðal annarra femínista að frekari pólitískt réttindi væru nauðsynleg. Í kjölfar seinni heimstyrjaldarinnar hófst hreyfing í heiminum öllum fyrir kosningarétti almennra borgara og orðið lýðræði (*demokurashii*) varð eitt af lykilorðum Taiso tímabilsins⁴⁷.

3.1 Tímaritið *Seitou* (青鞞)

Þegar umræðan um frekari réttindi kvenna í Japan varð háværar og meira áberandi hófu talsmenn kvennréttinda að beina spjótum sínum að öðrum málefnum sem tengdust konum í Japan. Á millistríðsárunum hófst baráttan fyrir almennum kosningarétti karla og í leiðinni kosningarétti kvenna í Japan. Á þessum tíma voru einungis karlmenn yfir 25 ára sem áttu miklar eignir og borguðu háa skatta. Árið 1911 stofnaði Raichou Hiratsuka, femíníska tímaritið *Seitou* en nafnið má rekja til bókmenntahópa kvenna í Bretlandi sem kallaðist Bluestocking. Hiratsuka var af heldri ættum, samúræjaættum og faðir hennar var hluti af embættismönnum Meiji stjórnarinnar⁴⁸. Hiratsuka gaf út fyrsta tölublaðið með orðunum; „í upphafi var konan sólin“. Hún lagði áherslu á að konur sem einstaklingar byggju yfir andlegum og skapandi styrk⁴⁹. Sagnfræðingar eru sammála því að Hiratsuka hafi átt stóran þátt í að styrkja femínistahreyfinguna í Japan⁵⁰. Upphaflega lagði *Seitou* blaðið áherslu á kvennabókmenntir en síðar breyttust áherslur blaðsins og fóru frekar að einblína á réttindabaráttu kvenna og

⁴⁷ Fanselow, K. (2011).

⁴⁸ Mackie, V. (2003). bls. 46

⁴⁹ Matsui, M. (1990). Bls. 436

⁵⁰ Lustig, L. (1999).

blaðsíður tímaritsins fylltust af greinum um jafnrétti kynjanna. Hiratsuka lagði áherslu á að vernda móðurhlutverkið og benti á hversu illa það færi saman að ala upp börn innan heimilis og stunda vinnu utan heimilis. Skáldið Akiko Yosano sem skrifaði mikið fyrir blaðið var talsmaður þess að giftar konur ættu að fá fjárhagslegt sjálfstæði⁵¹. Greinar blaðsins vöktu athygli Innanríkisráðuneytis Japans (*Soumu-shou* 総務省) þar sem öll pólitísk umræða kvenna var bönnuð samkvæmt lögum og fór svo að ráðuneytið bannaði nokkur tölublöð þar sem innihald blaðsins þótti ógna siðferði almennings. Segja má að *Seitou* tímaritið hafi haft mikil áhrif á umræðuna á þeim tíma hvað varðar jafnrétti kynjanna og réttindi kvenna í Japan⁵². Konurnar á bakvið *Seitou* höfnuðu hugmyndinni um „góða eiginkonu, vitra móður“ og hlutverki konunnar á heimilinu og hjálpuðu til við að sýna að konur væru hæfileikaríkar á margskonar sviðum⁵³.

3.2 Samtök nýrra kvenna (*Shin fujin kyokai*)

Samtök Nýrra kvenna (*Shin fujin kyokai*) voru stofnuð árið 1919 af Hiratsuka Raichou, sömu konu og setti á fót tímaritið *Seitou*, með henni í för voru Ichikawa Fusae, Sakamoto Makoto og Oku Mumeo. Markmið þeirra var að fá konur sem viðurkennda samfélagsþegna með almenn réttindi, meðal annars með því að endurskoða grein 5 í lögnum sem meinuðu konum frá því að taka þátt í stjórnámálum⁵⁴.

Í nóvember 1919 hélt Hiratsuka frægt erindi þar sem hún sagði að ef konur hefðu réttindi þá myndu þær eiga möguleika á því að vera hluti af ríkinu og hjálpa til við að ákvarða framtíðina. Hún vildi að konur myndu taka saman höndum og sameinast í baráttunni. Stuttu seinna í janúar 1920 settu þær stöllur Hiratsuka og Ichikawa fram tvær helstu kröfur samtaka Nýrra kvenna sem voru svo síðar kynntar fyrir þinginu. Fyrsta krafan var sú að endurskoða yrði lög

⁵¹ Fanselow, K. (2011).

⁵² Bardsley, J. (2007).

⁵³ Lustig, L. (1999).

⁵⁴ Mackie, V. (2003). bls. 58

sem sett voru árið 1890 sem meinuðu konum að taka þátt í stjórnámálum. Þessi krafa var þó ekki ný af nálinni heldur höfðu konur í Japan áður barist gegn þessum lögum. Seinni krafan átti sér erlendar hliðstæður frá bæði Evrópu og Bandaríkjunum. Samtökin kröfðust þess að sett yrðu á lög sem vernduðu konur frá því að giftast mönnum með kynsjúkdóma og að aðstoða konur sem höfðu smitast af kynsjúkdómum frá eiginmönnum sínum⁵⁵. Hin endurskoðuðu borgarlög frá 1898 kváðu á um það að ef eiginkona myndi halda framhjá gæti hún átt von á hún tveggja ára fangelsisdómi. Einnig kváðu lögin á um það að eiginkona gæti ekki skilið við eiginmann sinn þrátt fyrir framhjáhald að hans hálfu. Þessi tillaga samtakanna um bætt skilnaðarlög sem myndu meðal annars leyfa eiginkonum að hafna eiginmönnum smituðum af sárasótt ógnuðu hinsvegar hinu japanska feðraveldi⁵⁶.

Eftir að hafa kynnt þessar kröfur á japanska þinginu svöruðu samtök Nýrra kvenna andstæðingum með frekari umræðum um full borgaraleg réttindi kvenna og kosningarétt. Andstæðingar Nýrra kvenna héldu því fram að pólitísk réttindi kvenna myndu tortíma japönsku fjölskyldunni. Ichikawa kom þá með þau rök að með því að endurskoða lögin sem meinuðu konum þátttöku í stjórnámálum myndi það verða til þess að hjálpa konum að verða „betri eiginkonur og vitrari mæður“. Móðir meðvituð um stjórnámál væri upplýstari og þar af leiðandi meira í stakk búin að ala upp betri börn. Rökin um „betri eiginkonu og vitrari móður“ féllu ljúft í eyru samfélagsins sem trúðu statt og stöðugt á slagorðið „góð eiginkona, vitur móður“. Til varnar seinni kröfu samtakanna svöruðu samtökin á þá leið að kynsjúkdómur eiginmanns myndi lama fjölskylduna og þá sérstaklega börnin. Þessi rök settu móðurhlutverkið í forgrunn líkt og áður. Til að berjast gegn forréttindum karlmannna og bæta réttindi kvenna á Taisou tímabilinu þurftu femínistar iðulega að koma með rök sem studdu við „góð eiginkona, vitur móðir“ hugmyndafræðina⁵⁷.

⁵⁵ Molony, B. (2000). bls. 644

⁵⁶ Mackie, V. (2003). bls. 58-59

⁵⁷ Molony, B. (2000). bls. 644

Kröfur samtakanna fengu lítinn hljómgrunn á þingi og beiðnin var ekki samþykkt. Háværar raddir brutust út um að það eina sem þessi samtök hefðu áhuga á væru pólitískt réttindi fyrir konur. Samtök Nýrra kvenna hófu því að berjast fyrir bættu lífi kvenna með betri heilsu, baráttu gegn fátækt, betri vinnuskilyrðum og öðrum femínískum gildum. Ein af leiðtogum samtaka Nýrra kvenna, Ichikawa kom með nýja hlið á réttindum kvenna í umræðuna. Í stað þess að einblína á rétt móðurinnar trúði Ichikawa því að einungis með því að viðurkenna jafnrétti kynjanna gætu konur öðlast pólitískt réttindi. Henni fannst undarlegt að það væri viðunandi að lesa og skrifa en ekki að tala og hlusta og að karlmenn væru með pólitískt réttindi sama hvaða menntun eða stöðu þeir væru með á meðan kona með góða menntun hefðu engin pólitísk réttindi⁵⁸. Árið 1922 samþykkti þingið loksins að leyfa konum að mæta á pólitíska fundi en enn var þeim meinað að ganga í stjórn málaflökka og þær máttu ekki kjósa. Þrátt fyrir það fögnuðu femínistar sigri⁵⁹.

3.3 Rauða bylgjan (*sekirankai*)

Rauða hreyfingin (*sekirankai*) voru fyrstu samtök kvenna með sósíalískar skoðanir og voru stofnuð árið 1921 af Yamakawa Kikue ásamt fleirum konum með svipaðar hugsjónir. Stefnuyfirlýsing þeirra var sú að þær fordæmdu kapítalisma og töldu að hann breytti konum í þræla og vændiskonur. Margar fjölskyldur úr sveitum landsins neyddust til að senda dætur sínar í verksmiðjur vegna fátæktar og samkvæmt þeim var það kapítalisminn sem stuðlaði að því. Þessar stúlkur urðu að lifa við erfið skilyrði á heimavistum og gátu hvergi farið nema til vinnu. Helstu baráttumál Rauðu hreyfingarinnar voru réttindi kvenna og kosningaréttur kvenna. Fleiri hópar tóku að myndast, sumir hópar börðust fyrir pólitískum réttindum á meðan aðrir lögðu áherslu á að berjast gegn vændi⁶⁰.

⁵⁸ Molony, B. (2000).bls 653

⁵⁹ Molony, B. (2000).bls 646-651

⁶⁰ Mackie, V. (2003).

3.4 Kvennfélagasamtök Tokyo (*Tokyo rengo fujinkai*)

Í kjölfar stóra Kanto jarðskjálftans árið 1923 hófu ýmis kvennasamtök að vinna saman við að hjálpa fórnarlömbum skjálftans⁶¹. Kristnar konur úr kirkjum landins ásamt öðrum hópum í Tokyo byrjuðu að útdeila mjólk til barna og mikil samheldni myndaðist á milli kvennanna. Konurnar komu úr mismunandi umhverfi, sumar voru húsmæður á meðan aðrar voru vanar skipulögðu hópastarfi og réttindabaráttu. Sósíalistar líkt og Yamakawa sem stofnaði Rauðu hreyfinguna unnu nú við hlið kristinna miðstéttrakvenna og húsmæðra. Þessar konur tóku höndum saman og stofnuðu ‚Kvennfélagasamtök Tokyo‘ og með tímanum áttu þau eftir að verða stærstu baráttusamtök kvenna í Japan á þessum tíma. Stuttu síðar var samtökunum skipt niður í 5 einingar: samfélag, atvinnu, vinnuafli, menntun og stjórnarfar. Innan þessara eininga ræddu konurnar um mismunandi málefni, svo sem um vændi, vandamál vinnandi kvenna og pólitísk réttindi kvenna. Það var einkar þýðingarmikið að þessar konur héldu á lofti þeim málefnum sem áður höfðu legið á femínstum fyrir jarðskjálftann⁶². Áhrifin eftir Kanto jarðskjálftann voru mikil og fjöldi húsa hrundi og gjöreyðilögðust. Margar vændiskonur í Yoshiwara skemmtihverfinu fundust látnar þar sem þær höfðu verið læstar inn í te húsum á meðan skjálftinn reið yfir og gátu sig hvergi hreyft. Hreyfing kvenna gegn vændi barðist gegn því að hverfið yrði endurbyggt í ljósi hræðilegra atburða og vegna þeirra aðstæðna sem vændiskonur máttu búa við⁶³.

3.5 Kosningaréttur kvenna

Sá hluti innan ‚Kvennfélagasamtaka Tokyo‘ sem snéri að stjórnun einblíndu á réttindi kvenna og þar var rætt hvornig konur gætu orðið fullgildir meðlimar samfélagsins. Leiðtogi stjórnunareiningarinnar, Kubushiro Ochimi hélt fund í nóvember 1924 fyrir konur sem höfðu áhuga á að hjálpa til í kvennréttindabaráttunni. Á þessum fundi voru Samtök fyrir kosningarétti

⁶¹ Fanselow, K. (2011).

⁶² Molony, B. (2000).

⁶³ Mackie, V. (2003). bls. 60

kvenna (*Fujin sanseiken kakutoku kisei domei*) stofnuð. Markmið þessara nýju samtaka var að bæta stöðu kvenna og í stefnuyfirlýsingu sinni lýstu þær yfir því að það væri hlutverk kvenna að eyða síðum síðustu 2600 ára og efla jafnrétti kynjanna. Það væri óréttlátt að meina konum að kjósa og pólitískt réttindi væru nauðsynleg til að vernda konur á vinnumarkaðinum. Án kosningaréttar væri ómögulegt að að öðlast viðurkenningu í samfélaginu⁶⁴.

Til að ná markmiðum sínum sóttu samtökin um borgaraleg réttindi fyrir konur. Í febrúar 1925 voru lögleidd ný lög um kosningarétt karla sem heimilaði körlum eldri en 25 ára að kjósa en konum var enn meinað að kjósa⁶⁵. Þrýst var á þingmenn um að ræða málefni kvenna og í mars 1925 voru fjögur mál tekin til umræðna, að endurskoða yrði löginn sem meinuðu konum að ganga í stjórnmalasamtök, beiðni um æðri menntun kvenna, beiðni um kosningarétt kvenna og beiðni um að konur mættu kjósa og bjóða sig fram. Tíunda mars hófust umræðurnar og yfir 200 bjartsýnar konur fylltu áhorfendabekki þingsins. Daginn eftir birtu dagblöð greinar sem gerðu lítið úr málefnum kvennana. Þrátt fyrir það voru allar beiðnirnar samþykktar að lokum af þinginu þó engin ný lög höfðu verið sett, lögbundinn kosningaréttur kvenna þurfti enn að bíða betri tíma. Allt frá Meiji tímabilinu hafði hugmyndin um réttindi kvenna og þáttaka kvenna í stjórnálum þróast í gegnum huglæg viðhorf kvenna og sjálfsskoðun sem þróaðist frekar með aukinni menntun⁶⁶.

Á þriðja áratugnum einbeittu femínistar sér að því að vernda vinnuafli og bæta velferð kvenna og baráttan fyrir kosningabaráttu kvenna fór aftur í forgansröðunina. Árið 1931 var mótsagnakennt ár fyrir femíníska aðgerðarsinna. Þetta ár samþykkti lægri deild þingsins lagafrumvarp sem samþykkti takmarkaðan kosningarétt kvenna og femínistum fannst þeim hafa uppskorið það sem þeir sátu. Efri deild þingsins hafnaði hinsvegar lagafrumvarpinu og einbeitti sér frekar að hernaðarlegum málefnum sem áttu hug þeirra allan og femínistar sátu

⁶⁴ Molony, B. (2000). bls. 658

⁶⁵ Mackie, V. (2003). bls. 60

⁶⁶ Molony, B. (2000).661

eftir með sárt enni⁶⁷. Í upphafi þriðja áratugsins átti Japan í hernaðardeilum við Kína og ríkisstjórn Japans átti í fullu fangi með að berjast við Kínverja. Stjórnvöl Japans bældu niður hina vaxandi verkalýðshreyfingu og handtók sósíalista. Þegar með frjálssyndar skoðanir máttu eiga von á harkalegum viðbrögðum frá stjórnvöldum ef þeir reyndu að tjá skoðanir sínar⁶⁸.

3.6 Verndun mæðra og barna (*Boshi hogo hou*)

Á fjórða og fimmta áratug síðustu háðu japönsk stjórnvöld mikil stríð, meðal annars í seinna Sino-Japan⁶⁹ stríðinu og seinni heimstyrjöldinni⁷⁰ og margir feður, eiginmenn og synir þurftu frá að hverfa í japanska herinn. Japanskar mæður áttu í erfiðleikum með að sjá fyrir heimilinum með fyrirvinnuna í burtu og mörg tilvik um sjálfsvíg komu fram. ‚Verndum mæður og börn‘ (*Boshi Hogo Hou*) lagafrumvarpið var samþykkt árið 1937. Frumvarpið lagði til hjálp til mæðra og barna ef faðirinn hafði dáið, yfirgefið fjölskylduna eða látist. Svipað frumvarp fyrir aðstandendur hermanna var einnig samþykkt á sama degi. Þessi lög voru samþykkt á tíma þegar fjölskyldur voru í ójafnvægi vegna fráfalls eiginmanna, feðra og sona og goðsógnin um kjarnafjölskylduna með föðurinn sem fyrirvinnu átti undir högg að sækja. Sósíalistahreyfing kvenna í Japan barðist fyrir löggjöf um bætt vinnuskilyrði kvenna, verndun kvenna á vinnumarkaði, afnámi næturvinnu fyrir konur, borguðu fæðingarorlofi og fríi vegna blæðinga⁷¹. Árið 1940 minnkaði hinsvegar réttindi kvenna á vinnumarkaðinum þegar ríkisstjórnin greip til þess ráðs að nýta kvennkyns vinnuafli til að auka framleiðslu fyrir stríðsrekstur⁷².

Árásin á Pearl Harbour í desember 1941 markaði upphafið af Kyrrahafsstríðinu og fátt annað komst að í daglegu lífi í Japan. Japönsk stjórnvöld lögðu áherslu á að staður konunnar væri á heimilinu en á sama tíma þurftu konur að vinna í verksmiðjum til að styðja við stríðsrekstur

⁶⁷ Mackie, V. (2003).

⁶⁸ Fanselow, K., & Kameda, A. (1995).

⁶⁹ Seinna Sino-Japan stríðið stóð yfir á árunum 1937-1941 við Kína.

⁷⁰ Seinni heimstyrjöldin stóð yfir á árunum 1941-1945.

⁷¹ Mackie, V. (2003). 106

⁷² Mackie, V. (2003). 105

Japana. Því má segja að fjölskyldueining Japana sem stjórnvöld höfðu skilgreint hafi hrunið vegna stríðsins. Árið 1945 beið Japan ósigur í seinni heimstyrjöldinni og segja má að landið hafi lamast.

Ichikawa ein af stofnendum ‚Nýrra kvenna‘ tók þá saman höndum og stofnaði nefnd kvenna (*Sengo taisaku fujin linkai*) sem hjálpaði til við að minnka afleiðingar stríðsins meðal annars með því að stuðla að aukinni framleiðslu matvæla, minnka verðbólgu og styðja við japanska hermenn⁷³. Laugardaginn 25. ágúst krafðist Ichikawa enn og aftur fyrir kosningarétti kvenna. Ný stjórn tók við og þann 11. október skipaði bandaríski hershöfðinginn Douglas MacArthur stjórnvöldum að endurskipuleggja þjóðskipulag Japana, þar á meðal að veita konum borgaraleg réttindi. Markmið bandarískra stjórnvalda var að gera Japan að lýðræðislegu ríki ásamt því að friða og koma þjóðinni í jafnvægi. Svo varð að í lok ársins 1945 var kosningaréttur kvenna samþykktur og ný japönsk stjórnarskrá var samþykkt árið á eftir. Þrjátíu og níu konur voru kosnar í fyrstu kosningum þjóðarinnar árið 1946 þar sem bæði kynin gátu kosið⁷⁴.

⁷³ Mackie, V. (2003). bls.121

⁷⁴ Fanselow, K., & Kameda, A. (1995). bls. 10

4 Eftirstríðsárin

Í gegnum seinni heimstyrjöldina var staða konunnar í Japan lág, konur fengu mestmegnis vinnu við tímabundin láglounastörf og ímynd konunnar var enn sú sama, að þeirra staður væri heimilið og hlutverk þeirra að ala upp börn. Þrátt fyrir að konur fengu kosningarétt eftir stríðið vantaði enn mikið upp á jafnrétti kynjanna. Japanska þjóðin stóð stöðugt við fjölskyldueininguna og lítil sem engin breyting átti sér stað í hlutverkum kynjanna. Japan fór í gegnum ár velmegunar á árunum 1955-1970 þar sem landið breyttist í þróað kapítalískt samfélag og mikil þéttbýlismyndun átti sér stað ásamt fjölgun kjarnafjölskyldna. Í fyrsta sinn í sögunni varð það á færi flestra kvenna að verða heimavinnandi húsmæður á meðan húsbóndinn brauðfæddi fjölskylduna, eitthvað sem áður hafði aðeins verið á færi elítunnar. Meirihluti þeirra kvenna sem vann utan heimilis voru ungar og ógiftar konur⁷⁵.

Japanskar vinnuvenjur þróuðust á eftirstríðarárunum, þar sem langir vinnudagar urðu að veruleika og venjan var að konur þurftu að yfirgefa vinnumarkaðinn vegna hjónabands eða barneigna⁷⁶. Vinnuvenjur þróuðust á þann hátt að það var með mjög erfitt að koma á jafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs fyrir konur þar sem langir vinnudagar, flutningar á vinnustað og vinna um helgar og frídaga var veruleikinn⁷⁷.

Á fimmta áratugnum þegar Kóreiska stríðið átti sér stað urðu margar japanskar konur órólegar yfir því að Japan gæti átt í hættu að fara í stríð aftur. Árið 1953 setti kvenskörungurinn Hiratsuka enn á ný á fót regnhlífasmötök fyrir kvennasamtök í Japan (*Nihon Fujin Dantai Rengoukai*) til að safna saman kröftum kvenna og stuðla að friði. Samtökin samanstóðu af margskonar hópum, verkalýðshópum, sveitasamtökum og fleirum. Þegar mest var voru fjórar

⁷⁵ Matsui, M. (1990). bls. 441

⁷⁶ Faselow, K., & Kameda, A. (1985). bls 486

⁷⁷ Ehara, Y. (2013). bls. 95

milljónir kvenna í samtökunum öllum⁷⁸. Friðarhreyfing kvenna náði hápunktinum á sjötta áratugnum þegar endurskoðun á US-Japan öryggissáttmálanum átti sér stað. Á stjóndaa áratugnum urðu háskólar miðpunktur mismunandi samfélagshreyfinga sem mótmæltu öryggissáttmálanum, Víetnamstríðinu, mengun og börðust fyrir réttindum almennra borgara. Fólk var byrjað að efast um efnahagskraftaverkið og varð meðvitaðara um þá sem minna máttu sín, svo sem fórnarlömb Minamata, Ainu fólk, íbúum Okinawa og öðrum minnihlutahópum⁷⁹⁸⁰. ,Ný vinstri hreyfing' kom fram sem hafnaði aðferðum kommúnista og sósíalista. Konur innan Nýju vinstri hreyfingarinnar fundu fljótt fyrir því að karlkyns meðlimir hreyfingarinnar virtust ekki meðvitaðir um jafnréttismál líkt og algengt var hjá baráttusysturum þeirra í Bandaríkjunum og Frakklandi, litið var á konur sem húsmæður og kynlífstákn sem fengu ekki að vera með í ákvörðunartökum⁸¹. Með aukinni þáttöku kvenna í grasrótahreyfingunni og aukinni vitund á mannréttindum vildu konur í Japan berjast fyrir jafnrétti á áhrifaríkari vegu, önnur bylgja femínistahreyfingarinnar byrjaði að taka á sig augljósari mynd.

4.1 Önnur bylgja femínistahreyfingarinnar

Segja má að önnur bylgja femínistahreyfingarinnar hafi litið dagsins ljós 1970 þegar fyrsti fundur ólíkra kvennréttindasamtaka í Japan fór fram í október sama ár og hreyfingin Frjálslyndar konur (*uuman ribu*⁸²) var stofnuð. Meðlimir hreyfingarinnar fordæmdu hefðbundin hlutverk eiginkvenna og mæðra og skilgreindu þessi hlutverk sem verkfæri til þess að kúga konur. Hin nýja stefna var önnur en hafði áður verið í kvennréttindaumræðunni þar sem krafist

⁷⁸ Ehara, Y. (2013). bls. 122

⁷⁹ Matsui, M. (1990). bls. 437

⁸⁰ Vegna kvikasilfursmengunar fengu íbúar Minamati í Japan heilkenni sem leiddi marga til dauða. Ainu fólk eru frumbyggjar sem búa norðanlega í Japan, minnihlutahópur sem Japanir hafa ekki komið vel fram við. Okinawa er fátækasta hérað Japans og varð ekki partur af Japan fyrr en 1872. Bandaríkin hertóku Okinawa og réðu yfir eyjaklasanum á árunum 1945-1972, árið 1972 var Okinawa skilað aftur til japanskra stjórnvalda.

⁸¹ Mackie, V. (2003). bls.146-147

⁸² Uuman ribu kemur frá enska orðinu Womans liberation og er ritað með katakana stafrófi þar sem ekkert tvöfalt w er til staðar, í þeim tilfellum rita Japanir u. Ribu (libu) er stytting á liberation en þar sem ekkert l er til í japönsku er notað r.

var gjörbreytingar á samfélagslegri og menningarlegri uppbyggingu Japans⁸³. Femínistar mótmæltu mengun og iðnvæðingu og staðhæfðu að konur væru kúgaðar vegna líffræðilegra eiginleika sem litið væri á sem fötlun í iðnvæddu samfélagi sem legði áherslu á framleiðni⁸⁴. Frjálslyndum konum fannst mikilvægt að ræða margvísleg vandamál í eigin lífi og reyndu að auka meðvitund annarra fyrir þeim vandamálum. Markmið frjálslyndra kvenna voru ekki að vera metnar til jafns við karla heldur töldu þær að karlmenn væru líkt og konur kúgaðir af kerfinu og þyrftu frelsun. Hreyfingin hafði talsverð áhrif á japanskar konur þó segja megi að áhrif hennar hafi verið lítilvæg miðað við samskonar hreyfingar í öðrum þróuðum löndum⁸⁵.

Mitsu Tanaka hafði mikil áhrif á femínisma í Japan en hún stofnaði hópinn Baráttukonur (*tatakau onna*) árið 1970 sem settu meðal annars á fót Shinjuku frelsismiðstöðina. Þar var hjálp fyrir fórnarlömb nauðgunar og heimilisofbeldis, fræðsla um getnaðarvarnir ásamt ráðgjöf fyrir konur sem vildu fóstureyðingu eða skilnað⁸⁶. Tanaka skrifaði frægan pistil um frelsun kvenna frá ímynd klósettsins (*benjo kara no kaihou*) þar sem hún talaði um að tilvera kvenna væri skipt í tvær ímyndir, ímynd sem móðir og ímynd sem tæki fyrir karlmenn til að fullnægja kynferðislegum þörfum þeirra⁸⁷. Tanaka og meðlimir Baráttukvenna voru á móti fóstureyðingum og börðust gegn lögum sem heimiluðu fóstureyðingu vegna fjárhagsaðstæðna. Þær fordæmdu frekar samfélagsgerðina sem þvingaði konur til þess að eyða börnum sínum og lögðu áherslu á kynfrelsi og ítrekuðu að til þess að það væri mögulegt þyrftu konur frelsi frá feðraveldinu sem hið japanska fjölskyldukerfi væri. Tanaka vildi hinsvegar lögleiða getnaðarvarnarpilluna sem leið að kynfrelsi fyrir konur. Í kjölfarið byrjuðu að myndast minni grasrótakvennahreyfingar í stærri borgum eins og *onna erosu*, *agora* og *feminist*⁸⁸.

⁸³ Eto, M. (2008). bls. 123

⁸⁴ Matsui, M. (1990). bls. 437

⁸⁵ Ehara, Y. (2013). bls. 95

⁸⁶ Matsui, M. (1990). bls. 438

⁸⁷ Mackie, V. (2003). bls.144-145

⁸⁸ Mackie, V. (2003). bls.156

Femínistar í Japan náðu ekki að mynda femínisk landssamtök með mismunandi stéttum líkt og kynsystur þeirra höfðu gert í vestri. Margar konur í Japan höfðu orðið fyrir vonbrigðum með ‚Nýju vinstri hreyfinguna‘ og ágreiningur innan ólíkra grasrótahreyfinga gerði erfitt fyrir að mynda þannig samtök. Frjálslyndar konur reyndu að endurtaka ekki sömu mistök og ‚Nýja vinstri hreyfingin‘ hafði gert og vildu samtök án stéttarskiptingar og án leiðtoga. Það gerði þeim erfitt fyrir að leiða hreyfinguna áfram, fjölmiðlar tóku þær ekki alvarlega og gerðu gys að þeim⁸⁹.

Í lok sjöunda áratugsins minnkuðu áhrif róttækra femínista en í staðinn kom hópur femínískra fræðimanna fram á sjónarsviðið með stofnun ‚Kynjafræðisamtaka Japans‘ (*josei gakkai*) árið 1979. Þessi hópur fræðimanna var ekki tengdur hinni raunverulegu femínísku baráttu sem átti sér stað. Helstu ástæður þess voru að Frjálslyndar konur kunnu ekki við að barátta þeirra væri krufin af ótengdum fræðimönnum og á hinn veginn hneigðust fræðimennirnir að því að skapa agaða kynjafræði sem væri aðskilin frjálslyndum femínistahreyfingum sem fengu á sig vont orð í fjölmiðlum⁹⁰.

4.2 Framhaldsmenntun kvenna

Fyrir seinni heimstyrjöldina áttu konur takmarkaða möguleika á því að leita sér frekari menntunar sem hafði mikil áhrif á árangur og þáttöku kvenna á öllum stigum samfélagsins. Í kjölfar seinni heimstyrjaldarinnar opnuðust tækifæri fyrir konur til framhaldsmenntunar og hefur þáttaka kvenna aukist í takt við það. Staðreyndin er hinsvegar sú að kynjunum er mismunaða í menntunarkerfinu þrátt fyrir umbætur sem á yfirborðinu virðast bjóða upp á jafna möguleika⁹¹. Þrátt fyrir að svipað hlutfall karla og kvenna sækir sér framhaldsmenntun fer meirihluti kvenna í tveggja ára nám þar sem lagt er áherslu á kvenleg fög fremur en að fara í

⁸⁹ Matsui, M. (1990). bls. 439

⁹⁰ Eto, M. (2008). bls. 124

⁹¹ Fanselow, K., & Kameda, A. (1985). bls. 471

fjögurra ára háskólanám⁹². Jafnvel á meðal kvenna sem fara í hefðbundna háskóla er algengt að þær læri bókmenntir, heimilisfræði eða kennslufræði. Í kjölfarið eru atvinnumöguleikar þeirra eftir útskrift takmarkaðir. Ástæðan fyrir mun kynjanna þegar kemur að framhaldsmenntun er menningarleg og vegna ríkjandi viðhorfa í samfélaginu⁹³. Hægt er að kenna menntunarkerfinu um sem er uppbyggt þannig að í mörgum skólum þar sem meirihluti nemenda eru stúlkur eru aðeins ákveðin námskeið í boði. Einnig er við atvinnulífið að sakast þar sem mismunandi ráðningarform ráða ríkjum. Ævilangar ráðningar eru algengar sem gerir konum erfitt fyrir þar sem erfitt er að koma á jafnvægi milli vinnunar og barneigna og þrýst er á að þær hætti störfum þegar þær giftast eða eignast börn. Fyrirtæki búast við því að konur taki sér langa pásu frá vinnu á lífsleiðinni og vilja því ekki ráða kvenkyns starfsfólk ævilangt þegar afar líklegt er að þær þurfi frá að hverfa þegar þær festa ráð sitt. Þessar hömlur gera það að verkum að konur búast við minni umbun í framtíðinni vegna menntunar sinnar og því eru þær ólíklegri til að sækja sér frekari menntunar. Einnig er algengt viðhorf í samfélaginu að það sé ekki mikilvægt að konur mennti sig jafn mikið og menn og því hafa stjórnvöld lagt litla áherslu á að reyna að breyta núverandi menntakerfi. Í könnun sem gerð var árið 1978 af NHK (Ríkissjónvarp Japans) voru 24 prósent þáttakanda sem vildu að dóttir færi í háskóla á meðan 68 prósent vildu að sonur færi í háskóla. Þessar niðurstöður sýna að menntun drengja þóttu mikilvægari en menntun stúlkna. Þessar niðurstöður undirstrika að ríkjandi viðhorf í samfélaginu voru þau að karlmenn áttu að vinna á meðan konur áttu að vera heima og sjá um börn og heimili, enn og aftur má sjá áhrif hugmyndafræðinnar um ‚góða eiginkonu og vitra móður‘ (*ryousai kenbo*). Menntun sona er talin mikilvæg til að þeir geti fengið gott starf á meðan margir gera ráð fyrir að að dóttir muni giftast og því sé framhaldsmenntun ekki jafn mikilvæg. Mörg fyrirtæki gera ráð fyrir því að konur séu ódýrt vinnuafli sem vinni til skamms tíma þangað til þær giftist, eða í mesta falli þangað til þær eignist börn⁹⁴.

⁹² Mackie, V. (2003). bls.187

⁹³ Fanselow, K., & Kameda, A. (1985). bls. 473

⁹⁴ Fanselow, K., & Kameda, A. (1985). bls. 474

4.3 Jöfn tækifæri til atvinnu (*danjo koyou kikai kintouhou*)

Eftir því sem árin liðu urðu lífsskilyrði fjölskyldna betri, en með hækkandi olíuverði og dýrari heimilisrekstri varð erfitt fyrir fjölskyldur að hafa einungis eina fyrirvinnu og eiginkonur hófu að fara út á vinnumarkaðinn í láglau nastörf. Árið 1983 voru fleiri giftar konur á vinnumarkaðinum en heimavinnandi húsmæður, vinnuframlag giftra kvenna hafði aukist svo um munaði. Árið 1990 voru um 60 prósent giftra kvenna á vinnumarkaðinum og um 40 prósent af öllu vinnuafli Japans voru konur þannig að segja má að þáttaka kvenna í atvinnulífinu hafi gjörbreyst⁹⁵. Í kringum 1980 voru helsta baráttumál japanskra femínista lög um jöfn tækifæri til atvinnu (*danjo koyou kikai kintouhou*). Lagafrumvarpið var sett fram af stjórnvöldum vegna þrýstings frá alþjóðasamfélaginu eftir alþjóðlegt kvennaár 1975 og alþjóðalegan áratug kvenna frá 1976-85⁹⁶.

Femínistar og stjórnarandstaðan mótmæltu hinsvegar þessum lögum. Lögin bönnuðu óréttláta aðgerðir við þjálfun, velferðarbætur, starfslok og brottrekstur en kröfðust þess aðeins að fyrirtæki gerðu sitt besta til að koma fram við kvenkyns starfsmenn á sanngjarnan hátt við nýliðun, ráðningu, stöðu, verkefni og stöðuhækkun. Engar refsingar voru fyrir þau fyrirtæki sem fóru ekki eftir lögnum þannig að fyrirtæki litu meira á lögin sem viðmið frekar en eitthvað sem varð að gera. Lögin takmörkuðu einnig réttindi kvenna eins og leyfi vegna blæðinga og leyfðu yfirvinnu, næturvinnu og erfiðisvinnu fyrir konur.

Fyrirtæki kröfðust þess að skilyrði um verndun kvenna á vinnumarkaðinu yrðu fjarlægð á meðan femínistar einbeittu sér að kynjaskiptum hlutverkum heimilisins sem gerði verndun kvenna á vinnumarkaðinum nauðsynlega⁹⁷. Femínistar töldu að þær aðstæður sem karlmenn unnu við gerði það ómögulegt fyrir menn að hjálpa til við heimilisstörfin á meðan það var ómögulegt fyrir konur að fara á vinnumarkaðinn meðan hún ein bæri ábyrgð á

⁹⁵ Matsui, M. (1990). bls. 442

⁹⁶ Shangbo, L. (2012). bls 32

⁹⁷ Mackie, V. (2003). bls. 8

heimilishaldinu ⁹⁸. Hópur kvenna (*tsukuru kai*) lagði til önnur lög sem tryggði grundvallarmannréttindi, réttin til að vinna og réttinn til að eignast börn. Þær vonuðust til þess að lögin myndu tryggja frekari þáttöku karla í barnauppeldinu. Tillagan var felld en lögin sem stjórnvöld höfðu sett fram voru samþykkt á þingi 1985⁹⁹. Lögin tóku gildi árið eftir og í kjölfarið gat Japan staðfest bókun um afnám allrar mismununar gagnvart konum sem kom fram á sjónarsviðið á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna 1985¹⁰⁰.

Stjórnarskráin frá 1947 bannaði mismunun vegna kyns en þar sem engin frekari útlistun á því í hverju sú mismunun fæli í sér var erfitt að fara með það fyrir dómstóla og það gat oft tekið mörg ár¹⁰¹. Áður en lög um jöfn tækifæri til atvinnu höfðu verið kynnt kröfðust fyrirtæki þess að konur hættu störfum mun fyrr en karlar og á mörgum vinnustöðum var hefð fyrir því að konur hættu störfum við þrítugsaldurinn, vegna hjónabands eða vegna óléttu. Eftir að lögin um jöfn tækifæri yil atvinnu tóku gildi voru aðgerðir sem þessar tæknilega bannaðar. Það var bannað að kalla ákveðin störf karlastörf eða kvennastörf þó að mörg fyrirtæki hafi komist framhjá því með því að kalla sum störf stjórnunarstörf og önnur ritarastörf¹⁰².

4.4 Fóstureyðing

Fólksfjölgunarstefna hefur verið mikilvægt málefni hjá japönskum stjórnvöldum allt frá Meiji tímabilinu (1868-1912) til eftirstríðsáranna og er það enn þann dag í dag. Árið 1868 voru sett lög sem bönnuðu fóstureyðingu og fóstureyðing varð að refsiverðu athæfi¹⁰³. Eitt af helstu baráttumálum femínista á sjöunda áratugnum var rétturinn til kynheilbrigðis, það er til að mynda aðgengi að getnaðarvörnum og fóstureyðingu. Árið 1948 voru ný fóstureyðingarlög lögleidd í Japan og eftir að lögin voru endurskoðuð 1949 og 1952 varð fóstureyðing

⁹⁸ Mackie, V. (2003). bls. 8

⁹⁹ Matsui, M. (1990). bls. 442

¹⁰⁰ Shangbo, L. (2012). bls 33

¹⁰¹ Mackie, V. (2003). bls.179

¹⁰² Mackie, V. (2003). bls.179-184

¹⁰³ Mackie, V. (2003). bls.165

aðgengilegri. Endurskoðun laganna gerði það að verkum að hægt var að fara í fóstureyðingu vegna efnahagsaðstæðna eða vegna heilsu móðurs. Einnig var því fyrirkomulagi breytt að konur þurftu nú ekki að fara fyrir nefnd sem ákvarðaði hvort að þær mættu fara í fóstureyðingu heldur var nú nóg að fá skriflegt leyfi frá lækni. Endurskoðun laganna árið 1949 sem gerði fóstureyðingu mögulega vegna efnahagsaðstæðna var sú fyrsta sinnar tegundar í heiminum og Japan varð fyrst allra landa til að lögleiða fóstureyðingu vegna félagslegra aðstæðna, eitthvað sem mörg önnur lönd gerðu ekki fyrr en mörgum árum síðar¹⁰⁴.

Í kjölfar velmeðunar í samfélaginu á sjöundaáratugnum í Japan var mikil vöntun á vinnuafli og reyndu stjórnvöld að herða lög um fóstureyðingu með því að taka út ákvæðið um efnahagsaðstæður móður. Frjálslyndar konur (*uuman ribu*) skipulögðu kröftuga herferð gegn þeim breytingum ásamt því að krefjast annarra laga sem tryggði öllum konum aðgang að upplýsingum og menntun um getnaðarvarnir, fjölskylduáætlunarþjónustu og örugga og löglega fóstureyðingu sem part af eðlilegri lækniþjónustu. Þær héldu því fram að slík lög myndu styðja við kynheilbrigði og kynfrelsi kvenna og væri hluti af grundvallarmannréttindum. *Uuman ribu* tókst að koma í veg fyrir að fóstureyðingarlögunum yrði breytt en litlar breytingar urðu á notkun getnaðarvarna. Í gegnum árin hafa íhaldsamir stjórnálamenn reynt að breyta fóstureyðingarlögunum en vegna mótmæla femínista sem standa vörð um lögin hefur það ekki enn tekist¹⁰⁵.

4.5 Baráttan um pilluna

Getnaðarvarnarpilla sem við þekkjum í dag var fyrst leyfð í Japan árið 1999. Japan var seinasta landið innan Sameinuðu þjóðanna sem leyfði pilluna og fékk Japan mikla gagnrýni á sínum tíma frá alþjóðasamfélaginu vegna þess¹⁰⁶. Eldri gerð af pillunni með fleiri aukaverkunum hafði verið leyfð í lækni-fræðilegum tilgangi en fyrst árið 1999 gátu japanskar konur keypt sömu pillu og

¹⁰⁴ Norgren, C. (2001). bls.3

¹⁰⁵ Mackie, V. (2003). bls.138

¹⁰⁶ Efron, S. (1999, 3.júní).

kynsystur þeirra úti í heimi höfðu getað keypt í fjölda ára. Margoft hafði verið reynt að fá pilluna samþykkt hjá Heilbrigðisráðuneyti Japans (*Kousai roudou shou* 厚生労働省) en áhyggjur stjórnvalda um að hún myndi minnka notkun smokka á meðan konur myndu stunda meira kynlíf og þar af leiðandi auka útbreiðslu kynsjúkdóma eins og HIV aftraði stjórnvöldum frá því að leyfa pilluna¹⁰⁷. Lág fæðingartíðni í Japan kom einnig í veg fyrir að pillan var leyfð, árið 1999 var fæðingartíðnin í Japan á hverja konu 1.39 börn¹⁰⁸. Þegar stjórnvöld leyfðu stinningarlyfið Viagra eftir stutt umsóknarferli en héldu því fram að enn þyrftu fleiri gögn um pilluna til að geta leyft hana mótmæltu konur. Viagra kom á markaðinn 1998 á meðan pillan hafði verið á markaðnum í tugi ára og áhrif hennar höfðu verið rannsökuð í mörgum löndum¹⁰⁹. Stjórnámálamenn komu með þau rök að Viagra gæti hjálpað til við að hækka fæðingartíðni í Japan en margar konur tóku þeim rökum ekki. Kvensjúkdómalæknirinn Tomoko Adachi hélt því fram að þetta væri allt hluti af því að í Japan væri karlægt samfélag og það væri skrítið þegar litið sé á öryggi að Viagra hafi verið leyft svo snögglega. Læknirinn Yoshiaki Kumamoto hélt því fram að gefið hafi verið leyfi fyrir Viagra svo snögglega vegna þess að mikill meirhluti á þingi væru eldri karlmenn og vildu sjálfir fá að nota lyfið¹¹⁰. Konur í Japan hafa þó verið hikandi við að nota pilluna þar sem margar þeirra trúa því að hún valdi miklu aukaverkunum og vegna þess að erfitt er að fá lyfseðil fyrir henni. Til að fá lyfseðil frá lækni þarf að fara reglulega í leghálsskoðun og því kjósa sumar konur að nota smokka frekar¹¹¹. Baráttan um pilluna sýnir merki þess að enn í lok tuttugustu aldar sé karlaveldið til staðar og enn séu stjórnvöld að reyna að stjórna kynheilbrigði japanskra kvenna.

¹⁰⁷ Efron, S. (1999, 3.júní).

¹⁰⁸ Wudunn, S. (1999, 27.apríl).

¹⁰⁹ Kitamura, K. (1999, 1.jan).

¹¹⁰ Wudunn, S. (1999, 27.apríl).

¹¹¹ Hayashi, A. (2004, 20.ágúst).

4.6 Staðan í dag

Japanskar konur eiga erfitt uppdráttar á vinnumarkaðinum í dag. Þrátt fyrir að í dag sæki jafnt hlutfall drengja og stúlkna í háskóla mega stelpur búast við því að fá vinnu sem bíður upp á fáa möguleika á meðan skólabræður þeirra eiga góða möguleika á að klífa upp metorðastigann. Ein afleiðingin er sú að um 70 prósent kvenna hættir að vinna í áratug eða lengur eftir að hafa eignast barn¹¹². Mikil pressa frá samfélaginu um að konur eigi að sinna börnum og búi og standa sig í hlutverki eiginkonu og móður gerir konum erfitt fyrir að sinna bæði vinnu og fjölskyldu. Í Japan eru vinnutímar langir og ósveigjanlegir sem gerir fólki erfitt fyrir að koma jafnvægi á vinnu og fjölskyldulífi¹¹³. Konur fara oft aftur út á vinnumarkaðinn eftir barnsburð í illa borguð hlutastörf.

Forsetisráðherra Japans, Shinzo Abe hefur reynt að hvetja fyrirtæki á vinnumarkaðinum í að ráða fleiri konur í stjórnunarstöður og hann hefur lofað því að auka hlutfall kvenna í stjórnunarstöðum í 30 prósent fyrir árið 2020. Hann hefur einnig lofað fleiri dagvistun fyrir börn en raunveruleikinn er hinsvegar sá að konur búa við lítið atvinnuöryggi, áreitni vegna móðurhlutverks, niðrandi ummæli og fá úrræði þegar kemur að dagvistun fyrir börn¹¹⁴. Fæðingartíðni í Japan 2012 var 1.41 og sífellt fleiri konur velja framabrautina fremur en móðurhlutverkið þar sem afar erfitt er að ná að sinna báðum hlutverkum¹¹⁵. Samkvæmt Alþjóða hagfræðistofnunni er Japan í 104. sæti þegar kemur að jafnrétti kynjanna¹¹⁶. Helstu ástæður fyrir mun kynjanna í Japan samkvæmt Alþjóða hagfræðistofnuninni er vinnuumhverfið í Japan þar sem krafan um mikla viðveru gerir það að verkum að mjög erfitt er að sinna bæði heimili og vinnu. Leyfar af góð eiginkona, vitur móðir hugmyndafræðinni má enn sjá í japönsku samfélagi í dag þar sem konur eyða að meðaltali þrisvar sinnum meiri tíma í heimilistörf miðað við karla¹¹⁷

¹¹² Holding back half the nation (2014, 29,mái).

¹¹³ Holding back half the nation (2014, 29,mái).

¹¹⁴ Masami, Ito (2014, 22.nóv)a

¹¹⁵ Holding back half the nation (2014, 29,mái).

¹¹⁶ World Economic Forum (2014).

¹¹⁷ World Economic Forum (2014).

5 Niðurlag

Allt frá Meiji tímabilinu (1868-1912) hefur barátta japanskra femínista haft mikil áhrif á stöðu kvenna í Japan í dag. Þegar hugtakið „góð eiginkona vitur móðir“ kom fram á yfirborðið opnaði það tækifæri fyrir konur til frekari menntunar þar sem áður hafði verið talið ónauðsynlegt að mennta stúlkur. Með aukinni menntun jókst vitund kvenna um réttindi og baráttan fyrir auknu jafnrétti gat hafist fyrir alvöru. Femínistar í Japan unnu marga sigra í baráttunni fyrir jafnrétti, meðal annars með auknum aðgangi kvenna að menntun, kosningarétti, lög um fóstureyðingu, lög um jöfn tækifæri til atvinnu og lög um getnaðarvarnarpilluna. Í upphafi baráttunnar höfðu konur í efri stéttum með greiðari aðgang að menntun lagt nýjar brautir fyrir komandi kynslóðir. Alla tíð hefur ríkið skilgreint konur þannig að þær þjóni ríkinu sem best. Feðraveldið hefur haft mikil áhrif á stöðu kvenna og fjölskylduskráningarkerfið átti mikinn þátt í því þar sem karlmaðurinn varð höfuð fjölskyldunnar og allir innan fjölskyldunnar voru skráðir undir hann. Til að berjast gegn forréttindum karla og bæta réttindi kvenna þurftu femínistar iðulega að koma með rök sem studdu við „góð eiginkona, vitur móðir“ hugmyndafræðina. Hugmyndafræðin um góða eiginkonu, vitra móður hefur þó virkað eins og tvíeggja sverð í kvennréttindabaráttu japanskra kvenna í seinni tíð þar sem hugmyndafræðin gerði konum erfitt fyrir að komast út á vinnumarkaðinn sem krefst mikillar fjarveru frá heimilinu. Þegar japanskar vinnuvenjur þróuðust í Japan var gert ráð fyrir því að konan sæi um heimilið á meðan eiginmaðurinn vann fyrir fjölskyldunni. Enn í dag eru sömu vinnuvenjur í Japan og mikil krafa um viðveru á vinnustað gerir konum erfitt fyrir að sinna bæði vinnu og fjölskyldu, því hætta margar konur á vinnumarkaðinum þegar þær eignast börn sem leiðir til þess að staðan breytist lítið fyrir konur og fáar konur ná að klífa upp metorðastigann. Hugmyndafræðin um góða eiginkonu, vitra móður er svo innprentuð í japanskt samfélag að sjá má það í menntakerfinu þar sem stúlkum eru kennd kvenleg fög og á vinnumarkaðinum. Því má segja að hugmyndafræðin um góða eiginkona, vitur móðir sé ein helsta fyrirstaða kvenna í dag að auknu jafnrétti.

Heimildaskrá

- Bardsley, J. (2007). *The Bluestockings of Japan: New Woman Essays and Fiction from Seitō, 1911-16*. Ann Arbor: Center for Japanese Studies, The University of Michigan.
- Bernstein, G. L. (Ed.). (1991). *Recreating Japanese Women: 1600-1945*: University of California Press.
- Bohn, M. (2011). *Educated Japanese young women's diverse linguistic and social behaviors*. S.l.: Bibliobazaar, Llc.
- Buckley, S. (1997). *Broken Silence Voices of Japanese Feminism*. Berkeley: University of California Press.
- Buckley, S. (2001). *Encyclopaedia of Contemporary Japanese culture*. London: Routledge.
- Efron, S. (1999, 3.júní). Japan Oks Control Pill After Decades of Delay. Sótt þann 13. janúar 2015 af slóðinni: <http://articles.latimes.com/1999/jun/03/news/mn-43662>
- Ehara, Y. (2013). Gender Studies in Sociology in Post-war Japan. *International Journal of Japanese Sociology*, 22(1), 94-103.
- Eto, M. (2008). Vitalizing Democracy at the Grassroots: A Contribution of Post-War Women's Movements in Japan. *East Asia*, 25(2), 115-143.
- Garner, J., & Enns, C. (2004). *Feminist Theories and Feminist Psychotherapies Origins, Themes and Diversity*. Binghamton, NY: Routledge.
- Fanselow, K. (2011). *Transforming Japan: How Feminism and Diversity Are Making a Difference*. New York: The Feminist Press at the City University of New York.
- Fanselow, K., & Kameda, A. (1985). Women's Participation in Higher Education in Japan. *Comparative Education Review*, 29(4), 471-489. Sótt þann 10. janúar 2015 af slóðinni: http://www.jstor.org/stable/1188196?seq=1#page_scan_tab_contents
- (1995). *Japanese Women: New Feminist Perspectives on the Past, Present, and Future*. New York: Feminist Press at the City of New York.
- Fukuzawa Yukichi. (2015). *Encyclopaedia Britannica*. Sótt þann 3. janúar 2015 af slóðinni: <http://academic.eb.com/EBchecked/topic/221689/Fukuzawa-Yukichi>
- Hayakawa, N. (1995). Feminism and Nationalism in Japan, 1868 - 1945. *Journal of Women's History* 1995, 7(4), 108. Sótt þann 4. janúar 2015 af slóðinni: <http://rplib.ferris.ac.jp/il4/cont/01/G0000005ir/000/000/000000310.pdf>
- Hayashi, A. (2004, 20. ágúst). Japanese Women Shun The Pill. Sótt þann 13. janúar 2015 af slóðinni: <http://www.cbsnews.com/news/japanese-women-shun-the-pill/>

- Holding back half the nation (2014, 29.maí). The Economist. Sótt þann 7.janúar 2014 af slóðinni: <http://www.economist.com/news/briefing/21599763-womens-lowly-status-japanese-workplace-has-barely-improved-decades-and-country>
- Karlin, J. (2002). The Gender of Nationalism: Competing Masculinities in Meiji Japan. *Journal of Japanese Studies*, 28(1), 41-77.
- Kitamura, K. (1999, 1.jan). The Pill in Japan: Will Approval Ever Come? *Family Planning Perspectives*. Sótt þann 11. janúar 2015 af slóðinni: <http://www.guttmacher.org/pubs/journals/3104499.html>
- Kondo, D. K. (1990). *Crafting Selves: Power, Gender, and Discourses of Identity in a Japanese Workplace*: University of Chicago Press.
- Koyama, S. (1994). The "Good Wife and Wise Mother" ideology in Post-World War I Japan. *Japan Women's Journal*, (7), 31-52.
- Lustig, L. (1999). *Japanese Feminism. Full Circle*. GRIN Verlag, 2014: The George Washington University, Washington. Sótt þann 11. janúar af slóðinni: <http://www.grin.com/en/e-book/281478/japanese-feminism-full-circle>
- Mackie, V. (1998, November 1). Dialogue, distance and difference. *Women's Studies International Forum*, 599-615.
- (2003). *Feminism in modern Japan citizenship, embodiment, and sexuality*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Masami, Ito (2014, 22.nóv)a. Can Women really 'shine' under Abe? *The Japan Times*. Sótt þann 11. Janúar 2015 af slóðinni: <http://www.japantimes.co.jp/life/2014/11/22/lifestyle/can-women-really-shine-abe/#.VLLiclusWPs>
- (2014, 22.nóv)b. Seizing the initiative for women at work. *The Japan Times*. Sótt þann 11. janúar 2015 af slóðinni: <http://www.japantimes.co.jp/life/2014/11/22/lifestyle/seizing-initiative-women-work/#.VLLh0SusWPs>
- Matsui, M. (1990). Evolution of the Feminis Movement in Japan. *NWSA Journal*, 3(3), 435-449.
- Meiji Restoration. (2014). *Encyclopeadia Britannica*. Sótt þann 20. Nóvember 2014 af slóðinni: <http://academic.eb.com/EBchecked/topic/373305/Meiji-Restoration>
- Molony, B. (2000). Women's Rights, Feminism, and Suffrage in Japan, 1870-1925. *The Pacific Historical Review*, 69(4), 639-661.
- Nolte, S. (1986). Women's Rights and Society's Needs: Japan's 1931 Suffrage Bill. *Comparative Studies in Society and History*, 28(4), 690-714.
- Norgren, C. (2001). *Abortion before birth control: The politics of reproduction in postwar Japan*. Princeton, N.J: Princeton University Press.
- Okuda A. (1998). The Conflict of Tradition and Modernity. In O. Akiko & O. Haruko (Eds.), *Women and Religion in Japan*: Otto Harrassowitz Verlag
- Shangbo, L. (2012). Study on the Employment of Female College Graduates in an Age of Employment Equality. *Japanese Economy*, 39(3), 30-48.

Sugimoto, Y. (2010). An introduction to Japanese society (3rd ed.). Cambridge, UK: Cambridge University Press.

Tsurumi, E. (1990). Factory girls: Women in the thread mills of Meiji Japan. Princeton, N.J.: Princeton University Press.

Promoting women at work (2014,14.okt). The Japan Times. Sótt þann 11. janúar 2015 af slóðinni: <http://www.japantimes.co.jp/opinion/2014/10/17/editorials/promoting-women-at-work/#.VLLI1iusWPs>

World Bank, The (2014). GDP. Sótt þann 3. janúar 2014 af slóðinni: <http://data.worldbank.org/indicator/NY.GDP.MKTP.CD>

World Economic Forum (2014). Global Ranking 2014. Sótt þann 3. janúar 2014 af slóðinni: <http://reports.weforum.org/global-gender-gap-report-2014/wp-content/blogs.dir/60/mp/files/pages/files/gggr-2014-table-3.pdf>

----- Closing the Gender Gap in Japan. Sótt þann 3. janúar 2015 af slóðinni: http://www3.weforum.org/docs/WEF_ClosingGenderGap_Japan_Report_2014.pdf

Wudunn, S. (1999, 27.apríl).Japan's Tale of Two Pills: Viagra and Birth Control. The New York Times. Sótt þann 11. janúar 2015 af slóðinni: <http://www.nytimes.com/1999/04/27/science/japan-s-tale-of-two-pills-viagra-and-birth-control.html>